

ICE CUP 2010 - REGLUR

- **16 lið taka þátt í mótinu**
- **Riðlaskipting og keppnisfyrirkomulag**
 - Liðunum er skipt í fjóra riðla – A, B, C og D
 - Innan riðlanna leika allir við alla
 - Að lokinni riðlakeppni er keppt um gull-, silfur- og bronsverðlaun mótsins (A) en jafnframt um B-, C- og D-verðlaun.
 - Liðin í efsta sæti hvers riðils keppa um aðalverðlaun mótsins. Liðin í öðru sæti hvers riðils keppa um B-verðlaun, liðin í þriðja sæti um C-verðlaun og liðin í fjórða sæti um D-verðlaun.
- **Leikir og upphitun**
 - Leikir eru 8 umferðir og er leikið til þrautar (engin jafntefli)
 - Lið sem talið er upp á undan (ofar) á skráningarblaði og í leikjadagskrá fær upphitunartíma á undan
 - Það lið sem skráð er á undan (ofar) á skráningarblað skal mæta á svellið að minnsta kosti fimmtán mínútum fyrir skráðan leiktíma, tilbúið til að hefja keppni, og síðara liðið skal vera tilbúið til upphitunar um leið og fyrra liðið hefur lokið við LSD-skotið
 - Miðað er við að allir leikmenn liðs fái tíma til að senda einn stein fram og til baka í upphitun
- **Skotkeppni (LSD)**
 - Að lokinni upphitun liðs fer fram skotkeppni (LSD) þar sem einn leikmaður liðs sendir stein í átt að miðju og er leyft að sópa
 - Fjarlægð frá miðju hrings er mæld og skráð (gildir fyrir alla steina í skotkeppni), steinar sem enda utan hrings eru skráðir sem 185,4 sentímetrar (6 fet og 1 tommu)
 - Það lið sem á stein nær miðjunni hefur val um hamarinn (síðasta stein) í fyrstu umferð
 - Árangur í skotkeppninni eftir alla þrjá leiki liðs í riðlakeppninni er lagður saman (DSC)
- **Röðun liða**
 - Röð liða innan riðlanna ákvarðast af fjölda sigra
 - Hafi tvö eða fleiri lið innan riðils unnið jafnmarga leiki raðast þau eftir úrslitum í innbyrðis viðureign(um) viðkomandi liða
 - Ef ekki er hægt að ákvarða röð liða út frá fjölda vinninga né innbyrðis viðureignum raðast þau eftir árangri í skotkeppninni (3 x LSD = DSC). Það lið sem hefur lægsta DSC-gildið raðast efst og svo framvegis. Verði lið þá enn jöfn raðast ofar það lið sem á betra besta skor í skotkeppni.

- **Mælingar og vafaatriði**

- Sérskipaðir mælingamenn munu mæla og skrá árangur liðanna í skotkeppni
- Liðin (þriðju menn) sjá sjálf um að mæla steina ef þess gerist þörf í leik en geta leitað til dómara nefndar ef ekki fæst niðurstaða þeirra á milli
- Komi upp vafaatriði vegna atvika í leik eða túlkunar á reglum geta liðin leitað til sérstakrar dómara nefndar um úrskurð. Í dómara nefnd eru Hallgrímur Valsson, Haraldur Ingólfsson, Gwen Krailo og Birgir Stefánsson.
- Dómarar fylgjast óformlega með leikjum og hafa leyfi til að áminna lið og/eða leikmenn um að leika hraðar ef þurfa þykir miðað við gang leiksins (eðlilegur framgangur leiks er að heil umferð taki ekki meira en 15 mínútur)

- **Leikjadagskrá (óraðað á brautir)**

○ Dagur	Tími	Leikir
○ Fimmtudagur	17.30	A2-A3 A1-A4 B2-B3 B1-B4
○ Fimmtudagur	20.00	C2-C3 C1-C4 D2-D3 D1-D4
○ Föstudagur	09.00	A1-A2 A4-A3 B1-B2 B4-B3
○ Föstudagur	11.30	C1-C2 C4-C3 D1-D2 D4-D3
○ Föstudagur	14.30	A3-A1 A2-A4 B3-B1 B2-B4
○ Föstudagur	17.00	C3-C1 C2-C4 D3-D1 D2-D4
○ Laugardagur	09.00	1a-1b 1c-1d 2a-2b 2c-2d
○ Laugardagur	11.30	3a-3b 3c-3d 4a-4b 4c-4d
○ Laugardagur	14.30	

- Sigurlið 1a-1b – Sigurlið 1c-1d = Gull
- Taplið 1a-1b – Taplið 1c-1d = Brons
- Sigurlið 2a-2b – Sigurlið 2c-2d = B-verðlaun
- Sigurlið 3a-3b – Sigurlið 3c-3d = C-verðlaun
- Sigurlið 4a-4b – Sigurlið 4c-4d = D-verðlaun
 - Tapliðin í keppni um B-, C- og D-verðlaun fyrir hádegi á laugardegi eru úr leik og leika aðeins fjóra leiki á mótinu.
 - Í lokin fara fram fimm leikir samtímis (leikið um D-verðlaun með eldri steinum á braut 1)

(A1 = lið nr. 1 í töfluröðinni í A-riðli)

(1a = sigurlið í A-riðli)